

AUGLÝSING

varðandi umsóknir um leyfi til að kalla sig aðstoðarlyfjafræðing
(*examinatus pharmaciae*) og starfa sem slíkur hér á landi.

Samkvæmt 15. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963 ber þeim, sem öðlast vilja rétt til að kalla sig aðstoðarlyfjafræðing (*examinatus pharmaciae*) og starfa sem slíkur hér á landi, að fá til þess leyfi ráðherra.

Þeir, sem lokið hafa prófum þeim, er um ræðir í 15. gr. lyfsölulaga eftir gildistöku lyfsölulaga, 1. júlí 1963, og óska eftir að öðlast framangreindan rétt, skulu senda um það umsókn til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, er fylgi afrit af prófskírteini og auk þess vottorð um, að umsækjandi fullnægi skilyrðum 2. og 3. töluliðs 1. mgr. 9. gr. lyfsölulaga og að ákvæði 6. töluliðs sömu málsg. eigi ekki við um hagi hans.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. október 1964.

F. h. r.
Baldur Möller.

Jón Thors.

Nr. 278.

11. nóvember.

AUGLÝSING

um notkun heimildar í 13. gr. laga nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.,
um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að nota heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl., til þess að setja svofelldar reglur um mat á notuðum bifreiðum til tollverðs.

1. Fob-verð notaðrar bifreiðar skal fundið á þann hátt, að til grundvallar sé lagt fob-verð nýrrar bifreiðar af sömu eða svipaðri tegund, en nýjustu árgerð, eins og það er á komudegi þess farartækis, sem flytur notuðu bifreiðina til landsins, að frádregnum þeim hundraðshluta, fyrir hvert ár af aldri bifreiðarinnar, sem hér segir:

0—1 ár	0%
1—2 ár	15%
2—3 ár	25%
3 ár og eldri	35%

2. Nú hefur maður, er flytur búferlum til landsins, bifreið með sér frá útlöndum og bifreiðin er eldri en 4 ára og hefur verið í eigu þess manns í a. m. k. full 2 ár, og má þá halda áfram að fyrna bifreiðina umfram það, sem getur í 1. lið um allt að 10% á ári frá 4 ára aldri.
3. Aldur bifreiðar reiknast frá þeim degi, sem hún var tekin í notkun. Liggi ekki fyrir óbyggjandi upplýsingar um það, hvenær bifreiðin var tekin í notkun, skal miða fyrningu við 1. júlí það ár, sem gerð bifreiðarinnar er kennd við, eða framleiðsluárið, ef árgerð helzt óbreytt tvö ár eða fleiri.

Verð bifreiðarinnar miðast við aldur hennar á komudegi þess farartækis, sem bifreiðina flytur til landsins.